



**Nýársávarp forseta Íslands  
Ólafs Ragnars Grímssonar  
1. janúar 1997**

Góðir Íslendingar.

Við hjónin óskum ykkur öllum gleðilegs árs og þökkum samfylgd og hlýhug á liðinni tíð. Stuðningur þjóðarinnar hefur verið okkur mikils virði og veitt okkur þrótt til að axla nýjar skyldur. Hvatning ykkar og góðar óskir hafa fylgt okkur til Bessastaða.

Á þessum tíma árs býr Ísland að sérstæðri fegurð. Þótt birtan vari skamma stund sveipar hún oft heimabyggðir í heillandi hjúp ævintýra og dulúðar. Við eigum öll minningar frá slíkum dögum.

Á Bessastöðum slær vetrarsólin gylltum bjarma á nes og tjarnir. Túnin eru í skartklæðum og fjallahringurinn er búinn tign og glæsileika. Stundum gera veðurguðirnir sig þó heimakomna og sækja að staðnum með kröftugum stormhviðum. Verður þá fátt um skjól á berangri Bessastaða.

Hér hefur sagan leikið á marga strengi og enn óma tónar fyrri tíma um setrið allt. Sérhver morgunstund á þessum stað er áminning um atorku landsmanna og sterkar rætur sem gert hafa Íslendingum kleift að halda áttum í aldanna rás.

Á liðnu sumri fannst hér langeldur frá landnámstíð, traust steinhleðsla sem hlaðin var skömmu eftir að Ingólfur Arnarson hóf búskap í nágrenninu.

Vösk sveit ungra fornleifafræðinga gróf upp þetta eldstæði frá árdögum Íslandsbyggðar og einnig stéttir, steinhleðslur og smiðjugólf frá tímum hins forna þjóðveldis, öldum Sturlunga og hinnar kaþólsku kirkju.

Fyrr var talið að Snorri Sturluson hefði verið fyrsti bóndinn á Bessastöðum. Nú vitum við að saga Íslendinga í rösk 1100 ár hefur skilið hér eftir sig fjölmörg önnur verksummerki. Fornminjar á Bessastöðum og aðrar

Þjóðargersemar sem hér eru varðveittar þurfa að vera sýnilegar og aðgengilegar öllum landsmönnum.

Það er ekki aðeins með rannsóknum á fyrri öldum sem ungir fræðimenn og rithöfundar veita okkur nýja sýn á sögu okkar og uppruna. Um þessi jól komu út margar bækur sem varpa nýju ljósi á vanda þess og vegsemd að vera Íslendingur. Þær marka nýja drætti í sjálfsmynd þjóðarinnar og leggja drög að umsköpun hennar.

Áræði og dirfska einkenna þessi verk. Þau sýna hugmyndaauðgi og hæfni nýrrar kynslóðar sem óhrædd tekur á arfleifð fyrri tíma og færir hana í klæði sem hæfa Íslendingum á tíð breyttrar heimsmyndar.

Aðferðir höfundanna eru vissulega ólíkar en einkennast þó allar af frumleika og skarpskyggni.

Einn býr til spegil úr umsögnum erlendra ferðalanga á fyrri öldum og dregur þannig fram margt úr fari forfeðra okkar og formæðra sem við höfðum af skammsýni lítt haldið til haga en kann að vera hollt að hafa að veganesti á komandi tíð.

Annar klæðist dulargervi heimsmannsins sem grannskoðar íslenskt samfélag með gamansömu ívafi en vekur okkur þó smátt og smátt til alvarlegrar íhugunar um lögmál og kennisetningar sem við höfum til þessa talið í fullu gildi en geta reynst okkur fjötur um fót í harðri glímu þjóðanna.

Sá þriðji sækir nýjan skilning á íslenskum samtíma í skjalasöfn erlendra ríkja og bræðir þannig klakabönd kalda stríðsins. Í stað víggirðinga frá fyrri tíð, sem oft voru dregnar um þjóðfélagið þvert, eru með margvíslegum vitnisburði opnaðar dyr að nýjum skilningi á mikilvægu skeiði í samtímasögu Íslendinga.

Þjóð sem fær í hendur á sömu jólahátíð skáldskap og fræðirit sem á svo skarpan hátt bæta nýjum dráttum í sjálfsmynd hennar getur vissulega glaðst yfir frjóum sköpunarkrafti ungrar kynslóðar. Auk þeirra þriggja verka sem hér eru nefnd hafa mörg önnur gert þessa jólahátíð að sannkallaðri hugmyndaveislu.

Ný kynslóð lætur til sín taka og ætlar sér stóran hlut í umsköpun íslenskrar sjálfsvitundar. Í fyrsta sinn frá landsnámstíð gengur fram á sviðið sveit ungra karla og kvenna sem veit að hún getur haft heiminn allan að athafnasvæði og haslað sér völl hvar sem er á jarðarkringlunni. Hún vill þó

greinilega eiga Ísland áfram að heimkynnum ef henni tekst að ryðja hér nýjar brautir í viðskiptum og verkunnáttu, vísindum, fræðastarfi og listum.

Það er ekki jafn sjálfgefið og fyrir að nýjar kynslóðir telji eðlilegt að búa alla sína ævi á Íslandi og gera okkar fagra land að ættjörð barna sinna. Íslenska þjóðin á nú í fyrsta sinn í harðri samkeppni við heiminn allan um hug og hjörtu æsku landsins.

Úrslitum getur ráðið í þeirri glímu að þau sem nú ráða för í þjóðmálum og viðskiptalífi og reyndar allir sem forræði hafa í stofnunum og samtökum átti sig í tæka tíð á nauðsyn þess að opna nýjum kynslóðum braut til áhrifa á öllum sviðum þjóðfélagsins, skapa ungu fólki aðstöðu til að geta nú þegar hafist handa við að umskapa Ísland.

Aðeins á þann hátt getum við virkjað sköpunarkraft nýrrar kynslóðar og tryggt þjóðinni sigur í þessari sjálfstæðis baráttu Íslendinga, baráttu sem enn mun harðna á nýrri öld.

Þeir sem efast um réttmæti þess að veita ungu fólki aðstöðu til úrslitaáhrifa ættu að líta til sögu okkar fyrir á öldinni og gaumgæfa einnig framgöngu þeirra Íslendinga sem náð hafa heimsathygli á síðustu misserum.

Ung var sú sveit sem gaf sjálfstæðishreyfingu þjóðarinnar nýjan kraft um síðustu aldamót. Í glímunni við heimskreppuna nokkrum áratugum síðar var forystan í höndum þeirra sem ekki höfðu náð fertugsaldri. Um þessar mundir er enn yngra fólk að hasla Íslandi völl í höfuðborgum heimsviðskipta og lyfta grettistaki landi og þjóð til heilla með tákn máli tóna og mynda. Nýjungar sem skipt hafa okkur Íslendinga sköpum á síðustu árum á sviðum tækni og lista, vísinda og viðskipta eru flestar sprotnar úr verkheimi þessarar ungu kynslóðar. Örlög Íslands á næstu öld munu einkum ráðast af því hve fljótt hún fær svigrúm til að ryðja nýjar brautir landi og lýð til heilla.

Það eru mannauðurinn og menntunin sem ráða mestu um samkeppnishæfni og lífskjör þjóða í framtíðinni.

Niðurstöður alþjóðlegrar rannsóknar um kunnáttu nemenda í raungreinum hljóta að vera okkur Íslendingum áfall og áhyggjuefni. Þær ættu að vekja okkur til vitundar um breytta heimsmynd og raunverulega stöðu okkar.

Við höfum talið okkur trú um að við værum í fremstu röð ásamt frændþjóðum okkar á Norðurlöndum. Nú kemur í ljós að þjóðir í Asíu skara

fram úr Norðurlöndum öllum. Úrelt heimssýn hefur hingað til haldið huganum svo föngnum að margir hafa með nokkru yfirlæti litið niður á skipan menntamála í Asíu. Fyrir nokkrum árum var vakin athygli á því hér heima að líklega mætti margt af Asíuþjóðum læra. Nú blasa staðreyndirnar við.

Við verðum að líta með hreinskilni í eigin barm. Allir sem bera ábyrgð í menntamálaum á Íslandi þurfa að lýsa sig reiðbúna að endurskoða eigin verk, meta kenningar og skipulag, starfshætti og kennslugögn með opnum huga, fúsir til breytinga og nýrrar sóknar.

Þótt margt megi reyndar bæta án nýs fjármagns er menntunin tvímælalaust arðvænlegasta fjárfestingin. Þjóðir sem vanrækja þá undirstöðu úrskurða eigin lífskjör úr leik á samkeppnisvelli veraldarinnar. Þær eiga á hættu að einstaklingar og fjölskyldur taki einfaldlega ákvörðun um að flytja burt og búa til langframa þar sem betri kjör eru í boði.

Menntakerfið fóstrar ekki aðeins mannréttindi hvernar kynslóðar heldur einnig auðlegð landsins og sjálfstæði þjóðarinnar á nýrri öld. Menntunin færir okkur Íslendingum einnig aukinn kraft í glímunni við náttúruöflin eins og dæmin sýndu á liðnu ári.

Oft er borið við skorti á fjármunum þegar umbætur í skólum landsins ber á góma. Valdastofnanir bregðast skjótt við og binda milljarða í nýjum virkjunum séu verksmiðjur í boði. Slík viðbrögð geta verið eðlileg en jafn nauðsynlegt er að hafa hugfast að menntun, hæfni og kunnátta unga fólksins er hverri þjóð betri fjárfesting en nokkuð annað. Um slíka niðurstöðu ríkir sátt í samfélagi hagræðinganna. Við Íslendingar verðum að ákveða fjármögnun og skipulag menntamála í samræmi við þau sannindi. Ella verðum við einfaldlega úr leik í gæðakeppni þjóðanna.

Hin góðu gildi sem við höfum hlotið í arf eru dýrmætt veganesti á langri leið. Við leitum öll að okkar Völundi líkt og börnin í jóladagatali sjónvarpsins. Hin raunverulegu verðmæti, lyklarnir sem best duga í lífinu, eru eins og í jólaleiknum trúnaðurinn og traustið, vináttan og kærleikurinn. Umhyggjan í garð annarra er leiðarljósið sem skín úr boðskap Biblíunnar. Þegar fátæktin verður í vaxandi mæli smánarblettur á íslensku samfélagi eigum við í krafti hinna góðu gilda að gefa hverjum og einum kost á að verða sinnar gæfu smiður, leita líkt og börnin að Völundi nýrrar veraldar.

Síðaboðskapur kristinnar og íslensk þjóðmenning fela í sér þá kröfu að hver og einn geti framfleytt sér og sínum á sómasamlegan hátt, látið börnum í

té vandað uppeldi og treyst því að sjúkir og aldraðir fái þá umönnun sem hæfir sóma okkar og heiðri. Sú framför sem einungis birtist í hagtölum en færir ekki líf fólksins í betra horf er harla lítils virði. Velferð sérhvers einstaklings er í raun markmiðið með viðleitni samfélagsins við að bæta líf skjörin í landinu.

Við verðum að fara að temja okkur að hugsa og starfa saman með langtímahag að leiðarljósi. Okkur tókst í sameiningu að ráða niðurlögum verðbólgunnar eftir áratuga stríð þegar loksins var litið til lengri tíma. Við höfum öðrum þjóðum betur varðveitt fiskistofna og ekki látið ágreining um skipulag veiða draga úr varðveislu auðlindarinnar. Við höfum sýnt og sannað að okkur tekst að hemja átök og ná áttum.

Við njótum virðingar víða um veröld vegna hollustu okkar við mannréttindi, lýðræði og friðsamlega sambúð allra manna. Við ógnum engum og efnum hvorki til ófriðar né átaka. Við getum vísað veginn í varðveislu umhverfis, náttúru og auðlinda. Við eigum í ríkum mæli þá eiginleika sem verðmætastir eru í framtíðinni.

Vandinn býr í okkur sjálfum. Spurningin snýr að gæfu og getu í eigin garði.

Það birtir nú óðum dag frá degi um strendur landsins, fjöll og dali. Megi hækandi sól gefa ættjörð okkar nýjan þrótt og Íslendingum áræði og þor á framtíðarbraut. Megi bjarmi nýs árs færa ykkur öllum farsæld og frið.